

# ÁSDÍS R. MAGNÚSDÓTTIR, GUÐRÚN STEINÞÓRS- DÓTTIR, SÍGRÚN MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR

## Um syndina sem þrálátt stef

Í daglegu tali er orðið synd tengt öllu mögulegu. Syndin er sæt, eitthvað er syndsamlega gott og það er synd að hitt og þetta – og þá iðulega eitthvað minni háttar – er eins og það er en ekki öðruvísi: það er synd að tapa fót-boltaleik, að verða af einhverju skemmtilegu, og svona mætti lengi telja. Syndin er í raun býsna hversdagslegt fyrirbæri sem ristir misdjúpt í þeirri merkingu sem henni er nú gefin, og sjaldan verulega djúpt. En svo hefur þó ekki alltaf verið. Syndin á rætur sínar í kristinni trú og siðfræði þar sem hún stendur fyrir rof, brot á banni eða lögmáli Guðs. Hún hefur verið sett fram í söguformi öldum saman og á ýmsa vegu, til dæmis með sögunni um Adam og Evu í aldingarðinum, ótal dæmisögum um rétta eftirbreytni og hvernig forðast megi vist í hinu neðra, og svo er það saga einstaklingsins sem játar syndir sínar áður en hann deyr, ef ekki oft. Syndin hefur því gefið tilefni til greiningar, skoðunar og flokkunar með tilliti til alvarleika, uppruna, áhrifa og viðeigandi refsingar.

Ágústínus kirkjufaðir er einn þeirra sem fjallað hafa ítarlega um syndina. Í *Játningum* rekur hann lífshlaup sitt og lýsir syndugu líferni sínu á einkar persónulegan og minnistæðan hátt. Í verkinu fléttast frásögn af baráttunni við syndina við atburði úr hans eigin lífi og gefur innsýn í hugsanir og litríkt tilfinningalíf einstaklingsins. *Játningar* Ágústínusar voru vel þekktar þegar bókmenntir á þjóðtungum fóru að breiðast út í hinum vestræna menningarheimi á 12. öld og áhrifa verksins gætir víða. Guibert de Nogent sótti innblástur í *Játningar* þegar hann skrifaði endurminningar sínar á öndverðri 12. öld og síðan þá hafa margir fetað í fótspor kirkjuföðurins og fjallað um bresti sína og breyskleika á opinskáan hátt þótt trúin eða einhvers konar trúskipti séu ekki



Ritið  
3. tbl. 20. árg. 2020 (1-14)  
Ritrynd grein

© 2020 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar  
og höfundar greinarinnar

Útgefandi:  
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,  
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.  
Tengiliður: [ritid@hi.is](mailto:ritid@hi.is)

10.33112/ritid.20.3.1  
Birt samkvæmt skilmálum  
Creative Commons BY (4.0).

alltaf hvarfpunktur þeirra skrifa. Þeirri hugmynd að sjálfsævisögulegum skrifum mætti líkja við einskonar andlega ævintýraferð auðveldaði höfundum að fjalla um sig sjálfa, án þess að sjálfhverf verk af þeim toga væru litin hornauga. *Játningar* kirkjuföðurins voru innblástur að *Játningum* Jean-Jacques Rousseau sem vildi segja satt og rétt frá gerðum sínum og hugsunum, góðum jafnt sem slæmum, andspænis Guði og mönnum. Skrif Ágústínusar geta einnig varpað ljósi á játningar Stavrogíns í *Djöflunum* og hugleiðingar Ívans í *Karamazov-bræðrunum* eftir Dostojevskí og það á við um fleiri skáldverk.

Syndin hefur gjarnan verið tengd hinni holdlegu ást og enn er það Ágústínus sem á hlut að máli. Ágústínus skilgreindi syndina sem orð, verknæð eða þrá andstæð lögmáli Guðs og hann er oft talinn höfundur hugmyndarinnar um erfðasyndina sem rakin er til óhlýðni Evu og Adams þegar þau brutu bann Guðs við því að borða af skilningstré góðs og ills. Samkvæmt Ágústínusi er þessi synd upprunaleg, eða erfist, vegna þess að maðurinn er syndugur við fæðingu, áður en honum hefur sjálfum gefist tími til að syndga. Þannig deila mennirnir syndinni og þjáningunum sem henni fylgja. Þótt skírnin geti á táknrænan hátt hreinsað einstaklinginn af þessari meðfæddu synd þarf svo hver og einn að standa skil á sínum eigin mistökum og hliðarþorum andspænis Guði. Sektarvitundin varð því sérlega frjór akur fyrir átök góðs og ills. Ágústínus lagði einnig áherslu á þátt hinnar holdlegu fýsnar í útbreiðslu erfðasyndarinnar þar sem syndin berst frá foreldrum til barns við getnaðinn; maðurinn er undirgefinn holdlegum hvötum og girnd sem lætur illa að stjórn og á upptök sín í erfðasyndinni.

Á 11. öld tengdi Anselm, erkibiskup í Kantarborg, erfðasyndina við viljaleysi mannsins og leit á girndina sem eina af birtingarmyndum syndar sem rekja má til viljans og skynseminnar og vangetu þeirra til þess að stjórna óæðri hluta líkamans. Þannig varð líkaminn einskonar átakasvæði syndar og vilja. Fjölmargir guðfræðingar brutu heilann um syndina og eðli hennar á hámiðöldum, samband syndar og lasta, syndar og ásetnings, hvernig maðurinn hneigist að hinu illa og hvernig berjast má gegn því; hvernig rétt væri að greina höfuðsindir frá minni syndum og hvernig þær tengjast boðorðunum. Meinelæti og þögn voru meðal þeirra ráða sem trúarreglur gripu til í þeim tilgangi að forðast freistni og skaðlega ofmælg, en innan guðshúsa og utan tók hið illa á sig mynd ógnvekjandi skrímsla, ófreskja og djöfla sem grettu sig og geifluðu framan í lýðinn eins og sjá má í hinum gotnesku dómkirkjum miðalda. Kirkjuklukkur gegndu því hlutverki að kalla til guðþjónustu og gefa til kynna hvað tímanum leið en slættinum var einnig ætlað að hrekja burt illa anda og púka, til dæmis þá sem vildu hrifsa til sín sálina eftir dauðann.

Blæbrigði og birtingarmyndir syndarinnar í skáldverkum eru af ýmsum toga og algengt er hún tengist ástinni. Á 12. öld er syndin skrifuð inn í innri tíma hinnar frægu ástarsögu eftir Bérout um Tristan og Ísold sem gerast óviljandi sek um ást í meinum sem þau fá ekki við ráðið. Þau flýja dauðarefsingu út í skóg þar sem þau hínast í felum, á stöðugum flótta fyrir umheiminum, og komast af við illan leik: þau hafa ekkert brauð til að leggja sér til munns aðeins villibráð, föt þeirra festast í trjágreinum, rifna og verða að lörfum, elskendurnir tærast upp og fölna, en ástin er svo heit að hvort þeirra gleymir angist sinni og kvöl við það að hugsa um þjáningar hins. Tristan finnur til með Ísold drottningu sem fer á mis við það góða líf sem henni var ætlað við hlið eiginmannsins og er orðin svo mögur að hringarnir sitja lausir á fingrum hennar; sjálfur saknar hann riddaramennskunnar og hirðlífsins og vorkennir meira að segja hundinum sínum sem elti þau í út skóg og er bannað að gelta svo ekki komist upp um felustað þeirra. Tristan og Ísold bera syndina innra með sér og utan. Þau lifa í villu þar til ástin rennur af þeim þremur árum eftir að þau teyguðu ástardrykkinn sem átti að tryggja hamingju Ísoldar í hjónabandinu. Þá hefst tími iðrunar og sorgar hjá elskendunum sem leita sátta og fyrirgefningar. Tæpum hundrað og fimmtíu árum síðar dró Dante svo upp áhrifaríka mynd af því ferðalagi sem bíður syndugra sálna að lífi loknu í *Guðdómlega gleðileiknum*.

Um og eftir siðaskiptin deildu guðfræðingar hart um náð Guðs og frjálsan vilja mannsins og höfðu þau átök umtalsverð áhrif til dæmis á franskar bókmenntir, ekki síst á síðari hluta 17. aldar þegar veldi Loðvíks XIV reis sem hæst. Þá köfuðu skáld og hugsuðir ofan í mannssálina í leit að hinu sanna eðli mannsins sem þeir vildu afhjúpa, spillt og aumt undir glysmiklu yfirborðinu en þó kannski ekki alveg alls varnað, enda hluti af sköpun Guðs. Eftir því sem dregið hefur úr vægi kristinna trúarkenninga í vestrænum heimi, allt frá tímum endurreisnar, hefur syndin smám saman hætt að vera einn af þeim hornsteinum sem kirkjan getur reitt sig á í samskiptum sínum við fólk. Þessi þróun er vissulega mislangt á veg komin en þótt kristin orðræða taki sífelldum breytingum skipar trúin alla jafna ekki sama sess í daglegu lífi og fyrr. Spurningar um gott og illt, rétt og rangt, rétta breytni og ranga, viðmið, boð og bönn eru þó ágengar og flóknar í samtíma okkar þar sem syndin er ekki lengur til sem brot við banni eða lögmáli Guðs. Hvaða Guðs? myndu ef til vill sumir spyrja. Þó kalla mikilvægar siðferðilegar spurningar og vandamál á umræðu, svör og lausnir. Í samtímanum er það ekki síst slitrótt samband manna við náttúruna sem vegur þungt og þar hefur vistguðfræðin tekið þátt í brýnni umhverfisfræðilegri umræðu um viðhorf og birtingarmyndir ásamt

heimspekingum, bókmenntafræðingum, líffræðingum og fleirum. Reynt er að finna líffræðilegar og sálrænar orsakir fyrir því hvers vegna við gerum það sem við ættum ekki að gera. Flokkunarkerfi úrgangs, rafmagnsbílar og reglulegar Sorpuferðir létta á samviskunni yfir ofneyslu og ójöfnuðum kolvetnisporum en heimsfaraldur minnir okkur á ótta okkar við dauðann og ofurviðkvæma stöðu mannsins í heimi og náttúru sem virðist vera að rísa upp gegn mannum og ofmetnaði hans, sem heilagur Gregorius leit á sem helstu synd allra synda. Rofið er því í deiglunni í daglegri umræðu þótt tengslin við kristni séu ekki endilega til staðar eða sýnileg.

Hér hefur verið stiklað á stóru í langri og flókinni sögu syndarinnar og syndahugtaksins sem ógeringur er að gera skil í stuttu máli og því er nokkuð víst að þemaritstjóri hefur gerst sek um oflæti þegar henni datt í hug að taka að sér ritstjórn þessa heftis. Þemað er hins vegar sprottið upp úr áhuga-verðri málstofu um syndina sem haldin var að Hólum í Hjaltadal í nóvembermánuði 2018 þar sem víða var komið við í umfjöllun um efnið. Arnfríður Guðmundsdóttir er höfundur fyrstu þemagreinarinnar sem ber heitið „Ekki eins og það á að vera. Merking syndahugtaksins í kristinni trúarhefð fyrr og nú“. Þar rekur Arnfríður þróun syndahugtaksins með höfuðárherslu á Martein Lúther og þá guðfræðinga sem studdust við siðbótarhugmyndir hans. Lúther var undir sterkum áhrifum frá Ágústínusi og hann byggði á kenningum hans um erfðasyndina og ánauð viljans í svari sínu til Erasmus frá Rotterdam en þeir áttu í hörðum deilum um hinn frjálsa vilja. Hún bendir á að í kjölfar upplýsingarinnar hafi menn tekið að efast um að viðteknar hugmyndir um syndina stæðust skoðun, ekki síst hugmyndin um erfðasyndina. Á 20. öld komu svo fram nýjar hugmyndir um syndina hjá guðfræðingum sem sumir hverjir voru undir áhrifum frá tilvistarheimspekinni. Þar má sérstaklega nefna ákveðin kaflaskil í kristinni trúarhefð á 7. áratug aldarinnar þegar guðfræðingar kalla eftir endurskoðun á túlkun syndahugtaksins og benda á samfélagslega ábyrgð guðfræðinnar. Í framhaldi af því bendir Arnfríður að lokum á það sögulega samhengi sem ávallt mótar guðfræðilega umræðu. Á okkar tímum ber hún keim af þeim málefnum sem mest hafi brunnið á fólki, meðal annars loftslagsvánni, kynþáttamisrétti, málefnum hinsegin fólks og misskiptingu, og hefur áhrif á þann skilning sem leggja skuli í syndahugtakið.

Sögur um goðin og dauðasyndirnar er viðfangsefni Kolfinnu Jónatansdóttur í greininni „Ofdramb og mikillæti í *Gylfaginningu*“. Hún beinir sjónum að frásagnarköflum *Gylfaginningar* og leggur til grundvallar söguna af því hvernig Freyr kemur auga á Gerði þar sem hann hefur tyllt sér í hásæti

Óðins og lítur yfir heiminn; hann hrífst af henni og sendir skósvein sinn, Skírni, í bónorðsför en hann fær sverð Freys að launum. Mikillæti Freys veldur dauða hans í ragnarökum og eru aðrar goðsögur verksins lesnar og túlkaðar út frá örlögum hans. Kolfinna bendir á þær afleiðingar sem syndsamleg hegðun hefur fyrir guði og aðrar goðfræðilegar verur og setur túlkun sína í samhengi við lærða hefð á miðöldum en þá voru goðsögur um heiðna guði oft túlkaðar eða endurskrifaðar sem táknsögur um kristið siðferði. Íslendingar voru kristnir þegar *Gylfaginning* var samin og því lítil hætta á að menn tækju aftur upp trú á heiðna guði. Því telur hún ekki ósennilegt að goðsögur sem skráðar á þeim tíma hafi innihaldið kristileg og siðferðileg skilaboð.

Bókmenntir miðalda eru einnig til umfjöllunar í grein Ásdísar Rósu Magnúsdóttur, „Um villur vegar í *Sögunni um gralinn* og *Grettis sögu*“. Í greininni fjallar Ásdís um helstu birtingarmyndir syndarinnar í ljóðsögu franska rithöfundarins Chrétien de Troyes, *Perceval* eða *Sögunni um gralinn*. Hún var samin undir lok 12. aldar og og segir frá ævintýrum ungs og óreynds pilts sem þráir að gerast riddari við hirð Artúrs. Þessi fræga riddarasaga, sem markar upphafið að leitinni að Gralnum í bókmenntasögunni, barst til Íslands í norrænni miðaldabýðingu ásamt fleiri frönskum verkum frá svipuðum tíma. Áhrifa þýddu riddarasagnanna á íslenska ritmenningu gætir víða. Hér er greint stuttlega frá viðtökum verksins í norrænni þýðingu þess, *Parcevals sögu* en Ásdís bendir síðan á ýmis líkindi ljóðsögunnar og hinnar viðburðaríku *Grettis sögu* sem talið er að sé frá byrjun 14. aldar. Bæði verkin flétta spurningum um synd, sekt og oflæti við myrkið sem setur svip sinn á aðalsöguhetjur þeirra.

Hjalti Hugason skrifar um syndarhugtakið á tímum Hallgríms Pétursonar í grein sinni „Ó synd, ó syndin arga, [...]“. Birtingarmynd syndarinnar í *Passíusálmunum*““. Þar er bent á þá spennu sem gætt hefur í vestrænni guðfræðihefð milli tvenns konar skilnings á syndinni. Sá fyrri er siðrænn og samkvæmt honum er syndin einstakar hugsanir, orð eða verk sem mannum er í sjálfsvald sett hvort hann framkvæmi eða ekki. Sá síðari er tilverufræðilegur og samkvæmt honum er litið á syndina sem spillt ástand mannsins eftir syndafallið sem valdi því að maðurinn er ófær um að velja að breyta rétt. Í *Passíusálmunum* eru þessi ólíku merkingarsvið ekki aðgreind og telur Hjalti að það hafi mikil áhrif á túlkun þeirra og bendi til þess að þá eigi frekar að skoða sem íhugunar- og guðræknirit en guðfræðilegt.

Í greininni „Syndauppgjör í skáldsögunni *Ég man þig* eftir Yrsu Sigurðardóttur“ fjallar Guðrún Björk Guðsteinsdóttir um eitt vinsælasta verk Yrsu,

sem kom út árið 2010. Hér fléttar höfundur saman draugasögu, spennusögu og glæparáðgátu en þematísk þungamiðja sögunnar liggur á mótum þessara frásagnargerða. Hún felst í hugleiðingu um mikilvægi þess að gangast við syndum sínum og horfast í augu við eigin forgengileik. Tryggðarheitið úr minningarbókum skólastúlkna á síðustu öld, „ég man þig“, verður að uggvænlegu ávarpi draugs sem eltir þá sem hann telur eiga óuppgerðar syndir og hljómar hér sem bergmál *memento mori*, áminningarinnar um dauðann sem gjarnan tók á sig mynd hauskúpu á málverkum á tímum endurreisnar. Skáldsagan dregur einnig upp áhrifamikla mynd af þeirri siðferðislegu upplausn sem helstu hagsældarartímabil íslenska lýðveldisins leiddu af sér í bankahruninu 2008.

„Er syndin náttúruleg?“ spyr svo Skúla Skúlason í samnefndri grein sem ber undirheitið „Um mikilvægi heimsmynda og uppsprettu gilda“. Í greininni tengir Skúli umhverfsvandann sem ógnar lífi á jörðinni og rekja má, að mestu, til framferði mannsins, við syndahugtakið. Hann bendir á misgengi eða rof milli viðhorfa okkar, siðferðis og lífshátta annars vegar og náttúrunnar hins vegar þar sem maðurinn hefi í raun sagt sig úr lögum við vistkerfi jarðarinnar og farið að drottna yfir því og nýta sér á óvarlegan hátt. Með því vinni hann gegn viðgangi náttúrunnar sem hann er þó samofinn. Skúli leitast við að greina og skilja þessa stöðu, orsakir hennar og afleiðingar með því að skoða niðurstöður vísinda og fræða samhliða áhrifum siðmenningar og gildismats. Niðurstaðan hans er sú að menningu okkar, þekkingu og vitund verði að samstillta betur hinni náttúrulegu skipan; í ferlum náttúrunnar liggja rætur þeirra gilda og merkingar sem gera tilveru okkar og annarra lífvera mögulega og verðuga. Að þeim rötum þurfi maðurinn að hlúa og tengjast; víkja af vegi drottunar gagnvart náttúrunni og laga viðhorf og lífnaðarhætti sína að þeim breytta veruleika.

### *Greinar utan þema*

Þrjár greinar falla utan þema en þær eru í ritstjórn Sigrúnar Margrétar Guðmundsdóttur og Guðrúnar Steinþórsdóttur. Fyrsta greinin er eftir mannfræðinginn Kristínu Loftsdóttur en segja má að hún tengist þemanu óbeint. Greinin fjallar um brjóstmyndasafn *El Museo Canario* á Kanaríeyjum en Kristín skoðar sögu nokkurra brjóstmynda sem þar er að finna og veltir meðal annars fyrir sér stöðu þeirra í samtímanum. Greiningin á sögu safnkostsins varpar ljósi á sögu Evrópu því brjóstmyndirnar endurspeglu til dæmis nýlendutengsl og draga þannig fram hversu samtengdur heimurinn

hefur verið lengi. Um leið vekur Kristín upp spurningar um hvað eigi að gera við muni í samtímanum sem urðu til í samhengi kynþáttafordóma eða nýlendustefnu fyrri tíma.

Á tímum kórónuveirunnar höfum við komist að því hve mikilvægt það er að geta reitt sig á sérfræðinga og þekkingu þeirra. Til þess að sérfræðingar geti þjónað hlutverki sínu þarf fólk að treysta þeim þegar þeir tjá sig um sitt sérsvið. Á sama tíma er einnig talið mikilvægt að fólk hugsi sjálfstætt og trúi ekki öllu sem því er sagt heldur sé gagnrýnið á orð sérfræðinga. Það er togstreita af þessu tagi sem Finnur Dellsén heimspekingur tekst á við í greininni „Að treysta sérfræðingum. Hvað, hvenær og hvers vegna?“. Þar glímir hann meðal annars við spurningarnar: Hvað felst í því að treysta sérfræðingum og hvers vegna þurfum við oft að treysta þeim? Hvaða sérfræðingum eigum við helst að treysta og hvenær? Og í hvaða kringumstæðum er mikilvægt að við hugsum gagnrýnið og komumst sjálf að rökstuddri niðurstöðu?

Í greininni „Að þekkja sinn vitjunartíma. Elías Mar, tvíkynhneigðin og fyrstu skáldsögurnar“ leitast bókmenntafræðingurinn Ásta Kristín Benediktsdóttir við að draga fram hvernig ýmis skrif Elíasar Marar sýna þróun hans og þroska sem tvíkynhneigðs rithöfundar. Ásta Kristín dregur fram hliðstæður á milli persóna og umfjöllunarefna Elíasar í skáldtextum annars vegar og hins vegar ævi og reynslu höfundarins, það er atriða sem koma ýmist fram í minnis- og dagbókum hans eða viðtölum síðar á ævinni. Markmiðið með slíkri ævisögulegri nálgun er að marka Elíasi og skrifum hans stað í íslenskri hinsegin sögu, ekki síður en bókmenntasögu, og sýna hvernig skáldverk geta verið lifandi hluti af sögu einstaklings og samfélags.

ÁSDÍS R., GUÐRÚN OG SIGRÚN MARGRÉT

ÁSDÍS RÓSA MAGNÚSDÓTTIR

Prófessor í frönsku

Mála- og menningardeild

Hugvísindasviði Háskóla Íslands

Brynjólfsgötu 1

IS-102 Reykjavík, Ísland

asdism@hi.is

SIGRÚN MARGRÉT GUÐMUNSDÓTTIR

Doktor í íslenskum bókmenntum

smg1@hi.is

GUÐRÚN STEINÞÓRSDÓTTIR

Doktor í íslenskum bókmenntum

gus26@hi.is